

Sendandi	athugasemd/umsögn	viðbrögð
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar	Fh. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og með vísan til fundargerðar nefndarinnar, dags. 8. apríl 2024, þá vísar nefndin í fyrri umsögn sína um tillöguna frá fundi sínnum þann 04.03.2024.	
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja	„Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemdir við rammahluta aðalskipulags Ásbrúar. LHG minnir á mikilvægi þess að farið sé eftir gildandi aðalskipulagi þegar kemur að hæð bygginga og efnisvali þeirra.“	
Suðurnesjabær	gerir ekki athugasemdir við rammahluta aðalskipulags Ásbrúar	
Landhelgisgæsla Íslands	Að mati Landhelgisgæslu Íslands er æskilegt að skoðað verði hvort ástæða sé til að setja stífari hljóðvistarkröfur á Ásbrú en almennt er gert, sérstaklega á íbúðarhúsnæði í kafla 2.6. Takmarkanir við flugvöllinn er getið um APZ svæði. Umrædd svæðaskipting gildir ekki lengur. Í gildi eru skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar sem taka þarf tillit til á svæðinu. Varðandi hljóðvistarmál á Reykjanesbær líklega betri gögn en notast er við í greinargerðinni. <a href="https://ust.is/hringrasarhagkerfi/hollu">https://ust.is/hringrasarhagkerfi/hollu</a> stuhaettir/havadi- oghljodvist/havadakort/reykjanesbaer /	Nánari gögn hafa borist varðandi umfang herflugs

<p>Vegagerðin</p>	<p>Vegagerðin leggur áherslu á að engin áform eru um byggingu stokks í tillögum að fyrirhuguðum framkvæmdum við Reykjanesbraut, Fitjar-Rósaselstorg. Vegagerðin styður áform um að tryggja öryggi íbúa við þverun Reykjanesbrautar og auka hlutdeild annarra fararmáta en bíla, en slíkt beri að leysa með undirgöngum eða brúm. Vegagerðin fagnar umfjöllun um almenningsamgöngur í rammaskipulaginu. Þó er mikilvægt að hafa í huga að ekki er búið að útfæra KLR og æskilegt að gert verði ráð fyrir rými fyrir öðrum almenningsamgöngum í tillögunni. Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði og í tillögum að umfangi og notkun græns jaðars ber að taka tillit til veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar</p>	<p>samræma þarf stefnu vegagerðarinnar og aðalskipulags sveitarfélagsins</p>
-------------------	--	--